GLERÁRDALUR

Ljósmynd: Ingvar Teitsson

Glerárdalur: Horft af Stórastalli til Akureyrar / View from the valley towards Akureyri.

Ljósmynd: Steingervingur í eigu Ferðafélags Akureyrar

Steingervingur - Viðarsteinsbútur úr Lambárdalsöxl / Fossil found in Glerárdalur.

Ljósmynd: Ingvar Teitsson

Horft af Kerlingu vestur yfir upptök Glerár / The valley Glerárdalur.

Glerárdalur - Jarðfræði

Glerárdalur skerst í suðvestur inni Trölllaskagafjallgarðinn, í nær 16 km langri beinni línu, frá ósum Glerár á Akureyri upp í um 1000 m hæð. Að dalnum liggja nokkur hæstu fjöll við Eyjafjörð m.a. Kerling, hæsta fjall á norðurlandi (1538 m), Glerárdalshnjúkur (1328 m) og Tröllafjall (1471 m).

Steingervingar hafa fundist á a.m.k. tveimur stöðum í fjöllunum við Glerárdal, þ.e. í Lambárdalsöxl við Kerlingu og í Hlíðarskál í Hlíðarfjalli. Báðir þessir fundarstaðir eru í svipaðri hæð þ.e. um 1000-1100 m. Viðarsteinsbútar úr Lambárdalsöxl eru alkunnir á Akureyri og prýða þar nú margar stássstofur. Sverustu bútarnir eru um 20-25 sm í þvermál. Í Hlíðarskál í Hlíðarfjalli hefur fundist allmikið af koluðum viðarbútum (surtabrandi). Sverustu bútarnir sem þar hafa fundist eru um handleggs digrir. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði á öllum árstíðum.

(Unnið úr texta Helga Hallgrímssonar sem birtist í blaði Ferðafélags Akureyrar 1979)

Geology

Glerárdalur is formed by glaciers and its river. The valley cuts 16 km, in an almost straight line, to the south-west into the mountain ridge Tröllaskagi from the mouth of the river Glerá in Akureyri up to about 1000 m above sea level. The valley is enclosed with some of the highest mountains in the north of the country such as Kerling, the highest mountain in northern Iceland (1538 m), Glerárdalshnjúkur (1328 m) and Tröllafjall (1471 m).

The mountains have been created by layers of lava, most of which are 5 - 10 million years old.

Fossils have been discovered in at least two areas in the mountains surrounding the valley, in Lambárdalsöxl at mount Kerling and in Hlíðarskál in Hlíðarfjall. Both areas are at an altitude of 1000-1100 m. The fossils that have been found in Lambárdalsöxl are as large as 25 cm in diameter but the fossils found in Hlíðarfjall are smaller, about an arm wide.

The area is a popular recreational area in all seasons for activities such as hiking, skiing and snowmobiling.

Glerá - tilurð nafnsins

Örnefnið Glerá vekur spurningar um uppruna þess. Ýmsar getgátur hafa komið fram en sú líklegasta er að nafnið sé dregið af svokölluðu "náttúrulegu gleri" eða það sem jarðfræðingar kalla bikstein sem er gleríkennt afbrigði af flitgrýti (líparíti). Þessa steintegund er að finna víða í og við ánna. Þegar glampar á steinana í ánni glitra þeir eins og glerbrot og því er hún Glerá.

Glerá - the origin of the name

The name of the river Glerá (Glass river) has created various theories about its origin. It is most likely that the name originates from the so-called natural-glass or what geologists refer to as a glassy type of Rhyolite. This mineral can be found in and around the river Glerá. When struck by light the particles in the river shine like pieces of broken glass thus providing it the name.

Ljósmynd: Ingvar Teitsson

Lambi - skáli Ferðafélags Akureyrar.



Ljósmynd: Ingvar Teitsson

Í Súlum að vetri / Súlur in winter.



Ljósmynd: Ingvar Teitsson

Ytrisúla.



Ljósmynd: Ingvar Teitsson

Kerling - mynd tekin ofan af Stórastalli.



Ljósmynd: Birkir Kristinsson

Jóklasóley / Icecup *(Ranunculus glacialis)*



Ljósmynd: Birkir Kristinsson

Snækobbi / Snow fleabane *(Erigeron humile)*

Ljósmynd: Birkir Kristinsson

Tröllin mynd tekin frá Vatninu (Tröllaspegli) / The troll.

Gróðurfar

Glerárdalur er á ýmsan hátt sérstæður um gróðurfar. Sú sérstaða mótast einkum af þremur umhverfisþáttum. Í fyrsta lagi er berggrunnurinn afar auðugur af lindum, sem deila vatni af örlæti um jarðveg stórra svæða í dalnum. Í öðru lagi má nefna feikna snjóþyngsli ofan til í dalnum og um dalbotninn. Að lokum er dalurinn umkringdur óvenju háum fjöllum. Þessar aðstæður skapa sérlega fjölbreytt skilyrði fyrir ríkulegan háfjallagróður. Í 1100 m hæð og þar fyrir ofan er hvergi um neinn samfelldan gróður að ræða, heldur eru háfjallaplöntur á stangli á hryggjum og klettarindum. Upp á Kerlingu, hæsta fjalli við Glerárdal, hafa fundist 10 tegundir blómjurta og ofan 1400 m í dalnum 16 tegundir. Meira en þriðjungur þessara harðgeru tegunda eru af sömu ætt, steinbrjótsætt. Blómfegurst háfjallajurtanna ofan 1400 m er jóklasóleyjan sem ásamt ávergsóley er algeng í fjöllunum allt í kringum Glerárdal. Ofan 1000 m hafa fundist samtals 87 tegundir háplantna. Neðan 1000 m fer að verða meira um samfelldan gróður, einkum í snjódældum með grasvöði, fjallasmára og mosanum snæhaddi. Mýrarnar taka einnig allmiklum breytingum, þegar neðar dregur, og verða mun gróskulegri. Neðan 550-600 m fara mýrarstör og mýrelfting að verða aðaltegundirnar í votlendi. Í lynggróðrinum verður beitilyng algengt auk krækí- og bláberjalyngs. Á melkollum sjást einnig stöðugt fleiri láglendistegundir eins og brenningarfjóla og vorperla.

Vegetation

The vegetation in the valley Glerárdalur is unique. This is mostly due to three environmental factors. Firstly, the bedrock is rich of groundwater that springs distribute throughout the soil providing amble moisture. Secondly, the vast amount of snow in the valley and thirdly the relatively high mountains that surround it. These factors create diverse and rich conditions for alpine plants. Above 1100 m the vegetation is not continuous. On top of mount Kerling, the highest mountain in Glerárdalur, 10 species of flowering plants have been discovered and 16 species above 1400 m. More than third of these hardy plants are of the same family, Saxifrage (*Saxifragaceae*). Above 1400 m pigmy buttercup (*Ranunculus pygmaeus*) and icecup *(Ranunculus glacialis),* that is considered to have the most beautiful flowers, are the most common plants. Above 1000 m more than 87 species of alpine plants have been found. Below 1000 m the vegetation gets more continuous, particularly in snowbeds with dwarf willow (*Salix herbacea*), creeping sibbaldia (*Sibbaldia procumbens*) and late-lie moss (*Polytrichum sexangulare*). Below 550-600 m the marshes become more vegetated with smooth black sedge (*Carex nigra*) and marsh horsetail (*Equisetum palustre*) that are the main species in the wetlands. Heather (*Calluna vulgaris*) is common as well as bog bilberry (*Vaccinium uliginosum*). The gravelfields are increasingly vegetated with lowland plants such as wild pansy (*Viola tricolor*) and common whitlowgrass (*Erophila verna*).



Hannað af Teikn á lofti, Akureyri